

Alþingi
Erindi nr. P 127/2002
komudagur 22.4.2002



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
veffang: <http://domsmalaraduneyti.is>

Reykjavík, 17. apríl 2002

Tilvísun: DKM02040091/000/JG/--

Ráðuneytið vísar til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. apríl sl., en með því er dómsmálaráðuneytinu sent til umsagnar frv. til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna, 391. mál, breyting ýmissa laga.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið frumvarpsins sé tvíþætt, annars vegar það að afnema skattlagningu meðlagsgreiðslna og hins vegar það markmið að fela Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu á meðlagsgreiðslum umfram lágmarksmeðlag og innheimtu á menntunarförlögum og sérstökum förlögum. Til að ná þessum markmiðum eru lagðar til breytingar á fernum lögum.

Ráðuneytið gerir engar sérstakar athugasemdir vegna fyrra markmiðsins um afnám skattlagningar meðlagsgreiðslna og verður ekki annað séð en sú tillaga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem lögð er til í frumvarpinu, leiði til þess að settu markmiði verði náð. Eðlilegt er engu að síður að benda á að verði breytingartillögur þessar að lögum verður munur á skattskyldu lífeyrisgreiðslna milli hjóna eftir skilnað á grundvelli hjúskaparlaga og meðlagsgreiðslna, þar sem makalífeyrir umfram grunn ellilífeyri verður eftir sem áður skattskyldur.



Að því er síðara markmið frumvarpsins varðar að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði falin innheimta meðlags umfram lágmarksmeðlag tekur ráðuneytið fram að III. kafla frumvarpsins, sem hefur að geyma tillögu að breytingu á 3. mgr. 3. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum, lýtur að því atriði og verður ekki séð að breytingar sem lagðar eru til á lögum um almannatryggingar og barnalögum, sbr. II. og IV. kafla frumvarpsins, séu nauðsynlegar til að ná þessu markmiði. Þær breytingar leiða á hinn bóginn til þess að meðlag umfram lágmarksmeðlag greiðist úr Tryggingastofnun ríkisins en álitamál er hvort slíkt sé eðlilegt og í samræmi við almenn markmið og hlutverk stofnunarinnar.

Ráðuneytið vekur enn fremur athygli á því að í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímansdóttur á Alþingi, 127. löggjafarþingi, 86. mál, bendir ráðherra á að einfaldasta, og væntanlega ódýrasta, lausnin á innheimtu aukinna meðlaga sé að Innheimtustofnun sveitarfélaga nýti þá heimild sem hún hefur samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um stofnunina. Það er því skoðun

ráðuneytisins að þær tillögur sem lagðar eru til í III. kafla frv. séu til sæmræmis við framangreint.

Að lokum bendir ráðuneytið á að með bréfi ráðuneytisins til réttarfarsnefndar, dags. 6. mars sl., er nefndinni falið að kanna hvort og þá með hvaða hætti unnt sé að breyta aðfararlögum, nr. 15/1998, til þess að einfalda innheimtu samkvæmt úrskurðum sýslumanna um framfærslueyri á grundvelli barnalaga nr. 20/1992. Svára er að vænta frá réttarfarsnefnd fyrir 1. júní nk.

F. h. r.

 / 
Björn Friðfinnsson / Jóhanna Gunnarsdóttir